



Íslensk meðalnærð hjá lausnöf A

## FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

Iva 1883. Þóttum meðalnærð hjá lausnöf A og meðalnærð fræði  
3. árg. 1. tgl. apr. 94.



Ágætu félagar

Óskir um að þið eigið gleðilegt summar og fáið mikla athygli vegna hins margumtalaða lýðveldisafmælis. Í þessu fréttabréfi er grein um það helsta sem er á döfinni hjá íslenskum söfnum. Þá er erindi frá farskólanefnd vegna fyrirhugaðs farskóla á Seyðisfirði.

Starfsemin í veturnar var með hefðbundum hætti hjá félagini og fáum við að kynnast örliðið þeirri miklu stemmingu sem ríkti á þorrablóti félagsins í Ártúni. Eftir að hafa hlýtt á erindi Hildar Hákonardóttur var þorramatur snæddur síðan var uppi kveðskapur sem gert er grein fyrir í erindi frá stjórn félagsins. Við lok kvæðapáttarins tóku félagsmenn eftir því að ókunnugt fólk var tekið að drífa að, og brátt kom í ljós að við vorum stödd meðal mikilla dansunnenda, en varla hafði hljómsveitin hafið leik sinn er danspörin tóku til við dansinn og varð ekkert látt á honum. Nokkrir safnmenn hættu sér á gólfíð, en mikið var hins vegar rætt um nauðsyn þess að fá danskennslu fyrir safnafólk. Tókst þessi skemmtun í alla staði vel.

SÁJ

Þessi meðalnærð hjá lausnöf A og meðalnærð fræði hjá lausnöf A eru meðalnærðir til meðalnærðum hjá lausnöf A "SÁJ". Þóttum meðalnærð hjá lausnöf A eru meðalnærðir til meðalnærðum hjá lausnöf A "SÁJ".

Þóttum meðalnærð hjá lausnöf A eru meðalnærðir til meðalnærðum hjá lausnöf A "SÁJ". Þóttum meðalnærð hjá lausnöf A eru meðalnærðir til meðalnærðum hjá lausnöf A "SÁJ".

Inga l  
Garð  
820 E

## Á döfinni hjá íslenskum söfnum

Á fundi stjórnar FÍS. þann 21. mars 1994 kom fram áhugi á því að skýra frá starfi hinna ýmsu safna landsins í fyrirhuguðu fréttabréfi. Ekki þá síst því hvort einhverjar sýningar væru fyrirhugaðar vegna 50 ára afmælis hins íslenska lýðveldis.

Ekki tókst að gera öllum söfnunum skil að þessu sinni og verður því frekari umfjöllun að bíða fréttabréfs þess sem væntanlega verður gefið út fyrir Farskólanum í byrjun september. Ekki væri verra ef menn sendu greinar eða upplýsingar til Unnar Lárusdóttur á Árbæjarsafni (s. 91-814412) fyrir júlflok, en hér á eftir fer upptalning á verkefnum þeirra safna sem náðist að hafa samband við :

**Þjóðminjasafn** mun í maílok opna sýninguna „Leiðin til lýðveldis“ í Morgunblaðshúsinu við Aðalstræti. Sýningin fjallar um þjóðfrelsisbaráttuna frá 1830-1944.

**Listasafn Íslands** opnar 2. júní sýninguna „Frá Alþingishátið til lýðveldisstofnunar. Íslenskt menningarlaif 1930-1944“. Sýningin verður í öllu safninu og stendur út október.

**Árbæjarsafn** opnaði 19. mars sýninguna „Reykjavík '44 - Fjölskyldan á lýðveldisári.“ 1. septemberþyrjun verður á safninu málþing í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins. Haldið í samvinnu við Sögufélag, Sagnfræðistofnun HÍ og Sagnfræðingafélag Íslands.

**Byggðasafn Árnesinga.** Engin sérstök lýðveldissýning, en fyrirhugað var að opna „Húsið“ á Eyrarbakka þann 17. júní. Af því verður ekki, þar sem viðgerðum hefur seinkað nokkuð. „Húsið“ á Eyrarbakka, sem er íbúðarhús faktors frá miðri 18. öld, mun hýsa byggðasafnið og skrifstofur safnvarðar er það verður tilbúið.

**Byggðasafnið Skógum.** Ekki verður sett upp sérstök lýðveldissýning, en líklegt er þó að þeir munir sem til eru og tengjast 17. júní og lýðveldisstofnun verði dregnir fram og settir í sérstök sýningarpúlt. Annars er nú unnið að endurbótum á gamla safnhúsinu og nýrri uppröðun muna á safninu.

**Safnahúsið Vestmannaeyjum.** Þar er fyrirhugað að sýna þjóðbúninga í eigu safnsins þann 17. júní, ef konur fást til að skarta þeim. Nú í ár er Þjóðhátiðin í Eyjum 120 ára og mun safnið minnast þeirra tímamóta með því að sýna ýmsa muni henni tengda. Einnig er fyrirhugað að setja upp sýningu á munum fundnum við uppröft Margrétar Hermanns Auðardóttur fornleifafræðings í Herjólfssdal fyrir um 10 árum.

**Minjasafnið á Burstafelli** opnar 15. júní. Þar verður m.a. efnt til heyskapar við safnið þann 10. júlí, þar sem verður slegið, rakað og bundið á hesta. Þessi dagur er liður í hátíðahöldum Vopnfirðinga vegna lýðveldisafmælisins.

**Sjóminjasafn Austurlands.** Þar er fyrirhuguð sýning á ljósmyndum frá hátíðahöldunum 1944 og munum tengdum sjálfstæðisbaráttunni. Sýningin opnar 17. júní og verður í nýja skólahúsinu.

**Minjasafn Austurlands** á Egilsstöðum sýnir valda gripi úr safninu þann 17. júní. Umsfang og opnunartími enn óákveðinn, en ræðst af því húsnæði sem safnið fær til afnota fyrir sýninguna. Einnig opnar Samgöngutækjasafn Íslands nýja sýningu í Íþróttahúsinu 17. júní.

**Náttúrugripasafnið í Neskaupstað** verður opið 17. júní og mun m.a. hafa til sýnis merkilegt tafl úr birki sem því hefur nýlega borist.

**Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu** á Höfn opnar sýningu 17. júní. Þar verða til sýnis skjöl, munir og myndir er tengjast sjálfstæðisbaráttunni.

**Minjasafn Akureyrar.** Engin lýðveldissýning er fyrirhuguð, en nú er verið að vinna að endurbótum á aðstöðu gesta á safninu. Gömul sólstofa við minjasafnshúsið verður bráðlega tekin í notkun og þar á m.a. að koma upp aðstöðu fyrir gesti til að skoða eftirmynndir gamalla ljósmynda í eigu safnsins. Einnig liggar fyrir að setja upp sýningu á úrvali munna í eigu safnsins og hluta af því sem hefur borist safninu að undanförnu. Minjasafn Akureyrar tekur þátt í Listasumri '94, en allir lista- og menningarviðburðir á Akureyri þetta sumarið verða rækilega kynntir í prentaðri dagskrá sem kemur út á næstunni.

Á Síldarminjasafninu á Siglufirði er stefnt að því að opna Roaldsbrakka þann 9. júlí við hátíðlega athöfn og er það nokkuð fyrir en ráðgert var í upphafi. Þar verður sett upp síldarminjasýning á neðstu hæð og bryggja smíðuð fyrir framan húsið, þar sem allt verður haft tilbúið til söltunar og slegið upp dansleikjum er við á.

Sjóminjasafn ísafjarðar tekur þátt í fyrirhuguðum hátíðarhöldum á ísafirði með því að slegið verður upp balli á safnsvæðinu og tjald sett upp fyrir gesti. Engin sérstök sýning að öðru leyti.

Norska húsið í Stykkishólmi. Þar verður opið, en safnvörður er nú að reyna að safna saman munum og myndum frá 17. júní þar á svæðinu. Verið er að vinna að því að koma annarri hæð „Norska hússins“ í upprunalegt horf með tilheyrandi húsmunum.

UBL/ apríl 1994.

## FRÁ STJÓRN

Kærur félagar. Síðan þið fenguð síðasta fréttabréf hefur félagsstarfið ekki verið tiltakanlega fjörgut. Félagsfundur var haldinn 9 des. Sá var fremur fámennur en kom þó í verk að taka inn nýja félaga, ákvæða að halda porrablót 4 feb. og samþykktja næsta farskólahald á Austurlandi undir styrkri stjórnar Guðrúnar Kristinsdóttur. Um stöðu mála varðandi farskólanum má lesa annars staðar í Fréttabréfinu, en stjórnin skipaði í farskólanefnd áðurnefndu Guðrúnu, Þóru Guðmundsdóttur á Seyðisfirði, Gunnlaug Haraldsson á Akranesi, Hrefnu Róbertsdóttur Árbæjarsafni og Halldóru Ásgeirsdóttur Pjóðminjasafni. Þá hefur stjórnin umbeðin gefið Alþingi álit sitt á þremur málum, þ.e. á frumvarpi til laga um yfurstjórn menningarstofnana, þingsályktunartillögu um varðveislu tónlistararfís í Pjóðbókasafni Íslands og þingsályktunartillögu um breyta staðsetningu hæstaréttarhúss.

Porrablótið sem fyrirhugað var að halda í Dillonshúsi sprengdi húsnaðið utan af sér og þurfti að fera það niður í veitingahúsið Ártún. Blótið sóttu um 80 manns og mun það slá út allar samkomur sem FÍS hefur hingað til haldið hvað mannfjöldi varðar. Hildur Hákonardóttir var ræðumaður kvíðsins og erindi hennar er að finna hér í fréttabréfinu. Fyrir blótið auglýsti stjórn FÍS eftir kveðskap sem flytja mætti á samkomunni og jafnframt fyrríþörtum sem safnamenn gettu dundað við að botna samhlíða svíða - og hangiketsáti. Ekki getur stjórnin annað en verið ánægð með árangurinn af þessari umleitan, því að ekki einasta bárust kvæði og vísur, heldur fjöldinn allur af fyrríþortum. Fengu þar ymsir FÍS félagar "pillur" eins og er við hafið á slíkum samkomum. Hér eru vísurnar og kvæðin en botnaðar visur voru svo margar að ekki treystum við okkur til að birta nema lítið brot af þeim. Upplýstir safnamenn, sér í lagi þeir sem farskólan sækja kannast vel við yrkisefnini:

## ÞJÓÐMINJAKORTIÐ OG ÍSLANDSFERÐ FJÖLSKYLDUNNAR

Fækkum jóklum færum nöfn  
flytjum strönd til heiða  
þannig vinna þjóðarsófn  
það mun veginn greiða

## MARKAÐSFRAÐAKVÆÐI Lag: Við læðumst hægt um laut og gil

í farskólanu nú fóru menn  
að freista þess að læra  
hvort græði mætti á minjum þeim  
sem mæðu annars fera  
og flækjast fyrir fótunum  
svo festast menn í sporunum  
og kaffíerast síðast í kynstrum af dóti  
klyfberum, öskum og grjóti

í markaðsfraðum mikið klár  
réð Magnús okkur kenna  
færeyskan að dansa dans  
og dæðursaugum renna  
að setja kók í kollurnar  
og klámlöð upp í hillurnar  
og askana fylla af frönskum og sós  
svo fáum við aura og mikið hrós

Og nú er ekki lífið leitt  
hér leika allir saman  
og kunna vel að brosa breitt  
og bretta sig í framan  
við markaðssetjum säl og hress  
Sírrý, Þórð og Magnús Gests  
-þeir hafa svo stásslegan stil yfir því  
að sturtá úr pontunum nef sín í

### BRUNAKVÆÐI Lag: Fram allir verkamenn

Fram allir safnamenn  
í funann grýtum  
við fúaspýtum  
við fúaspýtum  
fram allir safnamenn  
í funann grýtum  
af fúaspýtum allt of mikð er  
því að nú gildir bara gler og stál  
af gömlu skrani verður mikð bál  
nú skulu menn brenna rusl og bræla út hér  
og bruna oní Moggahöll að skemmta sér

Lif Gvendur og hinn rauði her

### LAUGARLJÓÐ Lag: Son Guðs ertu með sanni

Sögð verður af því saga  
er safnmenn héldu fund  
fóru í fjörðinn Skaga  
flykkust í grænan lund.  
Gerðust þau fjörug flest  
laug var í garði grænum  
girnileg rétt hjá bænum  
heillaði hugann mest

Léttfæit til laugar gengu  
lögðust í vatnið blátt  
af þessu fúgnuð fengu  
fóru að syngja hátt  
ofaní æstist þá  
leikur í varmri laugu  
læri hendur og augu  
allt fór á ïð og stjá

Kollegar kvöldsvæfstu  
koddana lögðust á  
vonir um værðir brustu  
varð enginn svefminn þá  
úti var rölt og röl  
alls konar busl og æði  
ótérleg sungin kvæði  
malandi og meyjagöl

Upp risu Geir og Gvendur  
grimmeleg var sjón og bleik  
vildu þeir braðar hendur  
hafa og skakka leik  
gengu í grænan lund  
upp úr öldunum bláu  
óllum kroppunum smáu  
skipuðu á skammri stund

Lokið var laugarkæti  
úr lundi brott hvarf skjótt  
hafgúuhópurinn mæti  
húsíð varð kyrrt og rött.  
Eina er það alla stund  
alltaf menn eru teknir  
ævinlega og rekñir  
út úr þeim Edenslund

## BOTNAÐAR VÍSUR:

Að ófórum að gera grín  
gengur á þorrablótum  
höfum þetta heillin míin  
á heldur léttum nótum

Á Þjóðminjasafni er þakið lekt  
og þraut hafa menn af báli  
að biðja um væri fjandi frekt  
forminjar úr stáli

Reykskynjararusslið er  
raun við Suðurgötu  
verðmætur sá vani er  
vatn að eiga í fótu

Þjóðminjaráð með þýða lunid  
þögult Ævendi hlýðir

-Nú er eins og fund við fund  
falli hljómar bliðir

-auðmjuðt krýpur alla stund  
eins og hjúin prýðir

Fornleifaneftnd með fúlan svip  
fræðimönnum hafnar  
Meðan ýmsum góðum grip  
glata menn og hrafnar

Og í tilefni af því að daginn áður rak Heimir útværstjóri Arthur Björgvin kom þessi  
fyrirpartur:

Ef þú hallar orði á Hrafn  
þóðar skaltu rekinn

Menn voru fljótir að sjá að Hrafn rímar á móti safn:

-og bundinn inn á byggðasafn  
af bændum síðan tekinn

-Erfiðara er að eiga safn  
þá eilífur er lekinn

Á aðalfundi ganga Hallgerður og Hafdíð úr stjórn og verður kosið í þeirra sæti. Þær þakka fyrir  
einstaklega ánægjulegt samstarf við safnmenn á stjórnartímabilinu og óska félögum FÍS friðar  
og frjósemi í bráð og lengd.

## STJÓRNIN

## Áttskipta árið.

### Skykkjunálín.

Nælan hringlega með oddinum, sem hélt saman skykkjunni er fallegtákn um hið karllega og hið kvenlega. Nú er ég ekki að segja að slíkt hafi verið tilgangur þess sem skóp hana - kannske var þetta einfaldlega praktískt form eða góð hönnun eins og sagt er í dag.

Eg ætla að tefla fram hring - eða heildar hugsun okkar kvennanna sem skynjum árið sem heild, er líður áfram í sibreytileik sinum tengdum náttúrunni, næsta órofið nema þá um einhvers konar áramót þar sem mæla má hvenær einn hringur tekur við af öðrum gegn hinni karlmannlegu hugsun, sem beinist frekar að einstökum dögum eins og nálin á áttavitanum sem bendist í ákveðna stefnu eða prjóninn á skykkjunálinni - viðstöðurnar á ferlinum eins og Árni Björnsson hefur svo glæsilega sannað með nýjustu bók sinni -Sögu daganna.

Í annarri bók, sem líka kom út fyrir jólin: Hugtök og heiti í Norrænni Goðafræði segir að í goðafræðinni virðist timinn ekki gegna neinu grundvallarhlutverki ----- og hún bendi miklu frekar til trúar á hringrás og sifellda endurnýjun.

### Áttablaðarósin.

Að finna einkennandi og sameiginlegt ferli gömlu trúarinnar er ekki létt verk því bæði er munur á veiði - og hjarðmönnum og svo akuryrkjufólk. Sólargangur og veðurfar er gerólkít frá miðbaugi til norðurhjara. Við miðbaug eru ekki ártíðir eins og við skiljum þær. Svo verða þær fjórar og norðar eiginlega bara tvær. Máninn, sem spilar verulega inn í gömlu trúna - er álitinn gróðrarvaki í suðrænum löndum þar sem sólin brennir gróðurinn, en hann vekur á norðurhveli litla athygli á sumrin því þá er nóttin björt. Náttúran er svona óendanlega margbreytileg.

Kristnu kirkjunni tókst ekki sérlega vel að viðhalda þeirri hrynjandi, sem fyrir var og margir álita að hún hafi verulega gert í því að eyðileggja hana til að slíta sundur náttúrulegu hrynjandina og þar með tengsl við fyrri trúarbrögð. Pessi þróun var reyndar hafin löngu ádur því að þau fornu trúarbrögð sem okkur er tamt að tala um að Ásatrúnni meðtalinni eru þrep á leið frá Gömlu trúnni eða Gyðjutrúnni til eingyðistrúarbragða nútímans þar sem karlmannleg viðhorf eru allsráðandi og Guð orðinn abstrakt og ónálganlegur nema með hjálp milliliða. Ásatrúin er þannig alls ekki gamla trúin - enda engin Gyðjutrú - þótt innan hennar hafi efslítið leynst sitthvað úr þeirri gömlu en á okkar landsvæði yrðum við að fara aftur til þess tíma er Gyðjan Nerthus var dýruð af germönskum þjóðflokkum, "sem nokkurs konar móðir jörð": en það er haft eftir Tacitusi. Enda þýdir Nerthus jörð eða earth á ensku og karlgúðanafnið Njörður er sama nafnið. (Miklu meira um þetta í Hugtök og heiti.....)

Víða um lönd er vakning einkum meðal kvenna að finna aftur árshringinn og náttúrulega hrynjandi hans í þeirri von að endurheimta eithvað sem kalla má gefandi trúarlíf. Við konurnar (ég tel mig þar með) viljum fá aftur

tilfinningu fyrir Gyðjunni til þess að veita inn í trúarlífið straumum, sem taka tillit til jarðinnar og alls lífs á henni, trúarstrauma sem eru heilandi og skapandi, gefa hinum kvenlega líkama aftur virðingu sína og konurnar leita eftir að finna nýja pólitíkska sýn. Þetta gera konurnar bæði með því að leita til ménningarsvæða eins og Indlands þar sem Gyðjutrúin hefur aldrei horfið að fullu og til Indíana Norður- Ameríku, sem hafa haldið tengslum sínum við jörðina og heilagleik hennar, með því að ganga í sarp hjá nornafræðum og ekki síst með því að endurvekja hinar átta fornu hátiðir.

Forntrúarfræðinga og kvennasöguspekúlanta greinir svoltíð á um hvernig þetta hafi verið. Það ber mónum þó saman um að víða má greina átta hátiðir ársins, sem falla nokkurn veginn með sex vikna millibili.

Fyrst má telja **Kyndilmessu eða Imbolg**.

Næst koma **vorjafndægrin** -

þá vorhátiðin forna, sem ber nafnið **Beltain**.

**Jónsmessuna** þekkjum við öll þegar sól er hæst á lofti en

**Síðsumarhátiðin** um fyrsta ágúst hét **Lughnasadh eða Lamas**.

þá komu **jafndægur á hausti**

og mitt á milli þeirra og jóla var svo hin nafntogaða **Samhain**. Eina norn hefi ég heyrta um bandarísku, sem ekki lengur heldur hátið þá vegna þess að hún hvekkist við kraftana, sem mögnuðust upp á þessari kyngimögnuðu árstíð.

Jól eru svo á sínum stað um **vetrarsólhvörf**.

Nöfnin á kvartiladögunum - svo ég íslenski orðið cross-quarterdays - eru fengin úr írsku því að þar hafa þau varðveisir og einnig hefur á Írlandi varðveisir samfelldust heildarsýn yfir hvernig þessar hátiðir hafa verið og töluverðar leifar af þeim siðum sem þar voru viðhafðir. Reyndar er til urmull af þjóðháttum í fjölda landa, sem tengja má slískum hátiðum en fjöldi þessara þjóðháttu er slískur að hann gerir yfirsýn ekki auðveldari heldur þvert á ofan oft flóknar.

Áttskipta árið minnir á áttblaðablómið, sem var einkennistákn Innonne, hinnar fornu súmerisku gyðju en í sambandi við hana náum við lengst aftur til Gyðjunnar í rituðu málí því að tími þeirra líður undir lok í þann mund að ritarðar heimildir koma fram. Og reyndar sjáum við áttblaðarósina á íslensku fleppunum. Áttskiptingin er einfaldasta leiðin til að deila árinu sé tekið mið af sólu og eins og þýsk kona sagði við mig en hún er heimspekingur að mennt og rekur kvennasögurannsóknarsetur - en konur, sem þar bjuggu tóku upp á því að fylgja gamla almanakinu og halda hátiðir - hún sagði að - sex vikur væru hæfilega langur tími til að jafna sig áður en næsta hátið hæfist en í þessu kerfi eru vitanlega engir sunnudagar. Tíminn markast utan hátiða af vaxandi og minnkandi tungli. Og það er athyglisvert að í Homelíubókinni, sem líka kom út núna fyrir jólín og í henni eru ræður frá um 1200 og eldri - þar er þess getið að illa hafi gengið að fá Íslendinga til að halda sunudagana heilaga en betur að halda hinar stærri kirkjuhátiðirnar. Sunnudagarnir eru reyndar nokkuð sem kirkjan hefur hrósad sér af að hafa lagt fram sem tillag til verkalyðsbaráttunnar það er að verkafólk fengi að hvíla sig einu sinni í viku en þarna virðist líka um markvissa stefnu að ræða til að minnka áhrif tungslins

í lífi manna því að Gyðjan var náteng tunglinu og allt sem kvenlegt var.

### Model Keplers.

Ég er orðin örlitið tvísaga. Í aðra röndina geng ég út frá því sem gefnum hlut að hátfðarnar hafi verið reglubundnar og áttal talsins og hafi markað hrynjanda ársins og hins vegar viðurkenni ég að allt í náttúrunni er duttungum staðháttá og sveiflukenndum gangi himintunglanna háð. Írsku nornirnar en ég geng í sarp hjá þeim og tini upplýsingar úr bók sem gefin var út fyrir ártug og kallast Stóra Nornabíblían - Írsku nornirnar hafa það eftir Margarete Murray að hinir dularfullu sólardýrkendur, sem reistu Stonehenge, hafi fyrst og fremst haldið hátfðlegar sólstöður og jafndægur og komist er að bessari niðurstöðu út frá áherslunum í byggingum þeirra en síðan hafi Keltaskrattarnir komið og þeir hafi lagt alla áherslu á hátfðirnar fjórar þar á milli, þ.e. kyndilmessu, valborgarmessu, Lammas eða töðugjöldin og Shamain, og enn séu þessar hátfðir taldar hinir meiriháttar Sabbatar - þess utan hafi sólstöðurnar verið haldnar hátfðlegar en aldrei jafndægrin. Æn síðan hafi komið til þjóðir eins og Saxar sem aftur hafi haft sterkt súlartrú og eftir komu þeirra hafi hinar átta hátfðir náð fullri fótfestu þar um slóðir.

Nornirnar segja að þær séu orðnar allmargar í dag jafnvel tugir þúsunda, jafnvel hundrað þúsund, sem stundi trú sína báðum megin Atlandshafsins og skiptist reyndar í mismunandi hópa svo sem Garnerian, Alexandrian, hefðbundnar, Keltneskar, Dianika, Saxa og fleiri. Engin skráning er um starfandi nornir en fjöldinn fremur áætlaður út frá fjölda þeirra tímarita, sem hóparnir halda úti svo eitthvað sé nefnt. Þær segja það einkenni á gömlu trúnni að kreddufesta eigi þar ekki heima og allir sem reyna að finna hina gömlu hrynjandi eru á einu máli um að hressileg leit og opinn hugur sé það sem gildi. Nornirnar hafa víða leitað fanga um upplýsingar og virðast mjög vel lesnar þó vilja þessir nýju áhangendur trúarinnar ekki njörfa sig í fastar skorður heldur halda frelsi sínu til að móta hverja hátið því hugmyndaflugi og þeim skapandi krafti sem til staðar er.

Aðrir kvennasöguspekulantar vilja njörfa mjög niður grundvöll gömlu trúarinnar, sem í senn hafi verið matriarkísk og hin raunverulega náttúrutengda trú. Ég skal játa það strax að rökhyggja míin leyfir ekki að ég fylgi hörðustu matriórkunum að máli. Peir vilja gera módelið allt of stíft rétt eins og Kepler þegar hann taldi að pláneturnar gengju í sífellt fjölbreyttari en nákvæmu margflötungamynstri umhversfis sólu og talnafræði alveraldar væri því regluleg og byggð á stærðfræðilegum útreikningum sem maðurinn gæti gert módel að. Við nánari athugun reyndist þetta ekki svona einfalt.

### Íslenskar aðstæður.

Árni Björnsson segir að elstu hátiðabrigði sem finnast hjá okkar þjóð séu viðmiðanir sem tengjast atvinnulífi, veðurfari og árstíðaskiptum og það er þetta sem ég kalla náttúrulega hrynjandi. Ég þori engan veginn að halda því fram að hinar átta hátfðir hafi verið haldnar hér á landi. Mér verður hugsað til formæðra okkar um hverja hvítasunnuhelgi, þegar verið er að drösla hundblautum og úturdrukknum börnunum okkar í bæinn og við sjálf norpandi

einhvers staðar - hvílka önn þær hafa liðið - landnemarnir hér - vanar útisamkomum af öllu tagi í veðurblíðari löndum að búa á þessu úthafsskeri með sífelldri rigningu, kulda og stormum.

Auðvitað er freistandi að virða fyrir sér nöfnin krossmessur ef maður sér fyrir sér árið sem skiptist fallega í fjóra geira og krossast svo af öðrum fjórum hátiðum og ekki síður hefi ég rennt hýru auga til Imbrudaganna, sem hugsanlegum leifum af þessum sið og ekki spilla þær upplýsingar að prestar hafi gjarnan verið vígðir á Imbrudag - eða þegar og Árni kafar í Homilubókina segir þar: **Imbrudagar voru settir forðum til líkamlegs árs á jörðu, svo skulum vér nú halda þá að vér náum andlegu ári í hjörtum vorum. Imbolg og Imbra byrjar á sömu þremur stöfum en ekki veit ég heldur hvort það merkir eitthvað.**

Varðandi áttskiptingu ársins er forvitnileg setning í Kalendarium frá 1597. Í þessu kveri segir til um hvernig megi skipta árinu. Í fyrsta lagi í two parta eða misseri þ.e. sumarí og vetrur. Í öðru lagi má skipta árinu í fjóra fjórðunga. Svo kemur smáskiptara ár í mánuði og vikur og daga en að auki þessa..... skipti - er svo almennilega..... Frá Mikjáls til Marteinsmessu sex vikur, (Mikjálmesssa er nú sett 29 september rétt estir jafnþægur á hausti og mér skilst hún hafi verið mikil hátið fyrrum, jafnvel keppt við jólin í hátiðleik á fyrstu öldum kristni - en skemmtilegt að nótera að Árni vitnar í kirkjuskipan Kristjáns 3. frá 1537 en þar segir að þetta skuli vera sameiginleg þakklætisgjörð fyrir öllum gróðri og ávexti er menn hafa fengið á því sama ári - enda fær Mikjálmesssa að halda sér í rúmar tvær aldir estir lútersku.), þaðan (frá Marteinsmessu) til jóla sex vikur. Þaðan til Kyndilmessu sex vikur, þaðan til Gvöndardags sex vikur. Þaðan til Tveggja postula messu sex vikur, þaðan til Barnabam sex vikur, þaðan til Mariu Magdalenu sex vikur, þaðan til Höfuðdags Jóhannesar fimm vikur og þaðan til Mikjálmessu aðrar fimm. Við þennan lestur kemur upp sú spurning hvort katólska kirkjan sé þarna að laða sig að eldra skiptingarmynstri - áttskiptu ári með hátiðum á um það bil sex vikna millibili.

Fleira má auðvitað tína til eins og áttskiptingu eldra Fuþarksins en slíkur þankagangur er enn ekki annað en köngulóarvesur hugarspunans á góðri stund.

Að þessu frátoldu er svo vitaskuld skipting árhriðingsins estir tunglgögum og aldrei gleymi ég þeiri umræðu sem átti sér stað í henni Ameríku fyrir nær fjórum áratugum þegar verið var að reyna að lögfesta hátiðir, sem fylgdu tungli á ákveðna almanaksdaga svo auðveldara væri að eiga við stundatöflur skóla og skipulagningu vinnu - Ameríkanar vildu líka gera vikuna tíu daga langa og reyndar var verið að gera tilraunir þá með að framkalla og markaðssetja ferköntuð egg svo auðveldara væri að pakka þeim. Ég var mjög spennt fyrir því hvort myndi sigra vaninn að stilla þeim tveim saman sól og tungli og lisa með báðum eða ný tilraun til að hundsa manann og telja aðeins eftir sólinni.

Sól- og mánaalmanakið verður illa samræmt nema himintunglin taki upp á því að gera það sjálf. Peirri spurningu hvort börn voru æskileg og blóðblöndun ákjósanleg og hvort hátiðir hafi einhvern tímann í fyrndinni

verið haldnar í þeim tilgangi að fólk í farandmannaveiðisamsfélögum gæti hist og aukið kyn sitt með skipulögðum hætti - þeirri spurningu getum við ekki svarað. Rannsóknir systur minnar, Ingu Huldar, á hjúskaparháttum og löggjöf á íslenskum síðmiðoldum benda ekki til þess að jafnvel svo strjálþýlar þjóðir eins og við erum hafi talið barneignir æskilegar. Hafi astur á móti svo verið í hlýri löndum, hér áður fyrr, er mögulegt að halda hátíðir tengdar hringrás sólu en stemma þær síðan af við gang mána eins og gert er með pásku til að hitta á - eða forðast - frjósemistíma kvenna, sem var samstillari að sögn áður fyrr og fylgdi mána. Líklegt þykir að fleiri hátíðir hafi verið stilltar af við mána en páskarnir eða forverar þeirra. Til að skilja hversu góð tímavíðiðun máninn er þarf að setja sig inn í hvernig menn lifðu áður en klukkur og útvörp komu til.

Enn skulum við halda okkur við íslenskar aðstæður og athuga hvort nokkuð finnst, sem kalla mætti áttaskipt ár í nútímanum. Og vissulega má með góðum vilja sjá slíkt mynstur þótt dýrðlingamessurnar séu aftur horfnar nema tvær. Tilraun kirkjunnar til að búa til hringrás árs, sem væri byggð á atriðum úr lífi Maríu Meyjar, Jesúss og dýrlinganna hefur ekki fest sig í sessi nema hvað varðar sjálfan frelsarann. Sunnudagar og sjö daga vika eru hins vegar orðin gikkföst.

**Kyndilmessan** tórir enn og tengist í hugum kvennanna hátíðahöldum, sem marka föstuininganginn síðar í febrúar og kannske hafa menn hér á landi óafvitað sett árshátiðir og þorrablót til að bæta sér upp missinn á Kyndilmessunni.

Páskarnar eru nálaegt jafndægrum.

Vorhátiðin lýsir sér í **krossmessu á vori og 1 maí**. Auðvitað þarf að hluga sérstaklega sumardaginn fyrsta en hann fylgir misseraskiptum. Líklega eru kirkjuhátiðirnar, uppstigningardagur og hvítasunna, sérmíðaðar af kirkjunni til að koma í stað vorblótanna og þær festust í sessi.

**Jónsmessan** um sólstöður heldur velli þótt lítið sé með hana gert því hvítasunnan er þá nýafstaðin.

Töðugjöld falla nokkurn veginn sex vikum eftir Jónsmessu og nútímatöðugjöldin, verslunarannahelgin og þjóðhátið

**Vestmanneyinga**, eru í uppgangi sem hátiðir og sverja sig í anda róstusams. forms gleðibrags.

**Réttardansleikir, kaupakonudansleikir, krossmessa á hausti,** Jörvagleði og skyldar samkomur áður fyrr falla nærrí jafndægrum á hausti.

**Allraheilagramessa** milli jafndægra og jóla leitar nú aftur á þótt svo virðist hún eigi í samkeppni við Adventuhátiðina í byrjun kirkjuársins.

**Jólin** halda svo sínu sæti við sólstöður á vetrí að viðbættum áramótum.

Það mætti á vissan máta halda því fram að áttskipta árið sé surðu lífseigt þótt ekki nema sé fyrir það að sex vikur eru svo þægilega langur tími til að ná sér eftir átveislur og timburmenn eða tilfinningaátök, sem fylgja veisluhaldi

## Gamla trúin.

En hvað vitum við um þessa gömlu trú og hvað er til í sögum um kynferðislega léttuð ellegar heilög brúðkaup til þess haldin að hafa áhrif á náttúruna og tryggja vöxt, þroska og góða uppskeru. Blót dýra - fæðing, vígsla, mægð?, fórn og upprisa konungs virðist árlegur viðburður. Hvað með Hyrndu guðinn og Cauldróninn eða ketilinn góða. Galdrasárið í Evrópu var það ekki líka hluti af gömlu trúnni. Og af hverju sprýr rannsóknarrétturinn aldrei um Gyðjuna.

Elsta og djúpstæðasta inntak allra trúarbragða er tilbeiðsla jarðarandans í öllum sínu birtingum: segir John Michell. Konurnar reyna að leita aftur til gömlu trúarinnar þar ríkir Gyðjan og ýmist táknar hún frjósemina, sem jarðarmóðir eða skeið mánans sem himnamóðir. Það er aftur á móti guðinn sem deyr og endursfæðist. Gyðjan dó aldrei en hún huldi sig stundum á vissum árstíma líkt og Persephona leitar til undirdjúpanna eða máninn, sem hverfur ádur en hann kvíknar á ný. Gamla trúin - segja nornirnar - er ótrúlega lífsseig - þær benda á að ennþá deyr guðinn árlega - þær voru ekki bara guðir fornþjóðanna þeir Osiris, Tammuz, Dionysus og Baldur - Kristur fæðist jú og deyr á ári hverju.

Gamla trúin, normatrúin eða Vicca eins og hún er kölluð í dag er bæði trúarbrögð og snýst einnig um kunnustusamlega getu eða galdur. Tilgangur hennar er eins annarra trúarbragða að ná samstillingu við skapandi öfl Alheims til að skapa og heila. Náttúran er ekki neitt eitt og einfalt hún samanstendur af óbyggðum, skógunum, vötnum og hafsjóum, jarðrækt, hjarðmennsku, villilífi dýra og plantna og inn í þetta spila sól, máni, pláneturnar og aðrir alheimslegir kraftar og margvíslegar hringrásir svo sem flóð og fjara skapast af þessu samsplili.

Gamla trúin er tvípóla snýst um jafnvægið milli hins karllega og kvenlega í veröldinni og hefur því mjög kynferðislegt yfirbragð í andstæðu við nútímatrúarbrögð.

Guð- segja nornirnar - er langt frá því að vera dauður- og þarna skil ég að þær séu að vitna til trúardeyfðar ( sem kannske náði hámarki um það bil að bókin var skrifuð um 1980) - Guð er rétt eins og hver annar grasekkill og bíður estir því að Gyðjan, sem hefur verið gerð útlæg fái að snúa aftur og standa honum við hlið. Hvort tekist hafði að gera Gyðjuna útlæga á tímum galdrasársins, eða hvort hinn sjúki hugur samfélagsins hreinlega sá hana ekki er mér ekki ljóst. Gyðjan er hins vegar orðinn veruleiki í lífi margra í dag langt út fyrir raðir þeirra , sem kalla sig nornir. Með Gyðjunni meina ég þá í víðasta skilningi hinn kvenlega trúarþátt . Við upprisjun varð mér ljóst að þrisvar á liðnu ári rakst ég á tilvist hyrndu guðsins eða Pans sem svo oft birtist í líki Geitarinnar. Í þorpi einu á Spáni var geit hent út um glugga sem lið í hátiðahöldum og þótti dýraverndunarsinnum nóg um og komst þetta því í heimspressuna. Eina bók nýútkomna hafði ég rekist á hjá dulspeking, kunningja mínum, þar sem kennt er hvernig ná má sambandi við Pan. Guð náttúrunnar, Fánu hennar og Flóru. Í þriðja lagi las ég á árinu bók gefna út í Findhorn í Skotlandi, en Finnhorn er andleg ræktunarmiðstöð og í bókinni er lýst allítarlega hvernig Pan birtist garðyrkjumanninum og hjálpaði til að skapa

undragard á sandflákum fyrir opnu hafi. Svo lengi lifir í gömlum glóðum. Hvað gyðjuna varðar hef ég líka haft augu og eyru opin og tvisvar **síðan um áramót** hefi ég rekist á tilvitnun í þá veru að Gyðjan hafi í reynd verið Alfaðir svokallaður okkar fornu trúar - konungurinn, ásinn eða goðin hafi aldrei ríkt nema í nafni hennar. Ég tel rétt að taka fram að í bæði skiptin voru þetta karlmenn - annar búsettur erlendis en hinn vel þekktur íslenskur sagnfræðingur.

Í gömlu trúnni má líka finna hið eilífa tema, sem Robert Graves telur vera grundvallartema alls skáldskapar. Fæðingu, líf, dauða og upprisu kónungs hins risandi sólarárs og baráttu hans við tvíbura sinn eða tvívara konung hins hnignandi árs um ástír hinnar "skvettóttu" en alfráðu þrfeinu Gyðju, sem í senn var móðir þeirra, brúður og hjásofa. Skáldið kennið sig ævinlega við guð hins risandi árs en sá tvívara sinn guð hins deyjandi árs, sem keppinaut en jafnframt skugga sinn eða hina dökku hlið sjálfs síns.

Mörg eru kvæðin góð, segir þetta látna ljóðskáld og goðsagnatúlkandi en hann hefur það eftir öðrum breskum skáldbróður sínum A.E. Housman að ævinlega þekkist úr þau kvæði sem fylgi þessu úrgamlu tema því fari hríslungur um hlustandann þegar drepið er á dauða hetjunnar ellegar sælu, eða minnst þó ekki sé nema stuttlega á tilvist eða tákni Gyðjunnar.

Nornirnar vildu gjarnan finna það sem kalla mætti elsta tímann, tíma Cernonnusar eða hyrnda guðsins, Pans, en ýmislegt er þar í veginum.

Konungurinn virðist hafa liðið fórnardauða sinn fyrir þjóð sína eða flokk sinn á ýmsum tínum árs. Margar hátfáðanna fela í sér síðu sem benda til sílks. Annars virðist mér líka að skoðanir rannsakenda litist nokkuð af hvaða menningarmynstri þeir eru sprottnir úr. Þær írsku hafa aðgang að gömlum gæliskum ritum eða fræðimönnum, sem þau skilja. Frakkar eru duglegir við að rannsaka gauliskar hefðir en við sem ekki lesum frónsku höfum ekki aðgang að þeirra skrifum. Pekktur þýskur kvennasöguspekkulant er ekki í minnsta vafa um að fórnardauða konungsins eða hetjunnar hafi átt sér stað á haustjafndægrum. Arftakar Kelta hallast að tveimur kóngum, sem taka hvor við af öðrum. Konungur hins upprennandi árs ríkit frá jólum til Jónsmessu en lítur þá tvíburabróður sínum. Aðrir segja konunginn deyja og endursæðast á jólum. Hinn nútímalegi síður að halda fórnardauðann að vori með krossfestingu Jesú Krists hefur verið úthrópaður af mörgum, sem tilraun kirkjunnar til að eyðileggja vorhátiðirnar, tilhlókkunina yfir frjógvun, sprettu og sælu kynlífssins. Á hinn bóginn kann þetta að vera rangt. Leifar eftir vorfórnarhátiðir Attisar, sem var ástmaður gyðjunnar Cybelu, eru sagðar finnast á þeim stað er Péturskirkjan stendur nú og fleira má tína til úr forklassískum tíma, sem bendir til vorblóta og minnir á Höskuld okkar Hvítanesgoða, sem var veginn á akrinum, þegar hann var að sá. Allar hátiðirnar virðast fela í sér endurnýjung og breytingu. Við köllum það sáningu, vöxt, uppskeru og þakklætisgjörð, eða fæðingu og dauða. Kannske skiptir það litlu hvort við skynjum frjósemi árs mesta um þann mund, sem hrútunum er hleypt til ánnar, haustvertið hefst eða kindur koma af fjalli. Eða hvort við syrgjum. Vetur konung þegar hann fellur í valinn á vorin ellegar kornguðinn, þegar ljáriinn sníður hann niður - þótt kornið okkar sé engjastör -

ellegar hvort við hryggjumst við þegar sólin er farin að lækka á lofti þótt hásumar sé vart komið enn. Kannske skiptir þetta engu máli svo lengi sem við erum í snertingu við hrynjandi náttúrunnar eins og hún birtist okkur þar sem við búum og störfum.

### Hátiðirnar og frumöflin.

Sérhver hátið felur í sér helgun elds í einhverju formi.

Kyndilmessan er við upphaf árs. Litrur hennar hvítur. Eldur hennar er fremur ljós en logi. Það er ekki hiti eldsins heldur birta ljóssins sem einkennir Kyndilmessuna.

Eldur eða ljós er svo margbreytilegt.

Í tólf skipa árinu þar sem hver mánuður er í mismunandi stjörnumerki og stjörnumerkini skiptast niður á frumöflin fjögur svo þrjú merki tilheyra jörd. þrjú lofti, þrjú vatni og þrjú eldi - þar hefst árið með eldsmerki - Hrútnum - við jafnðægur á vori.. Þessi eldur er loginn sem kvíknar, eldur hugmyndafræðinnar, hugsjónaeldurinn, sinueldurinn, sem geysist yfir og erfitt er að hefta - birta morgunroðans. Petta er logi fyrstu ástarinnar, sem kvíknar í brjóstunum.

Næsta eldsmerki er ljónið á miðju sumri. Þá er jörðin í essinu sínu hallar sér að sólu hér á norðurhveli og komin fram fyrir sólinna á þeirri þeysireið sem sólkerfið allt er á í vetrarbrautinni því okkar sól stendur ekki kyrr fremur en aðrir himinhnettir. Þessi eldur er Jónsmessubálið, sem brennur glatt, ( við kynnum slík bál reyndar um áramótin) eldur ástríðunnar, kraftur sólariðunnar, sem þroskar allan jarðargróður.

Priðja eldsmerkið er Bogmaðurinn í byrjun desember. Þessi eldur er glóðin af bálinu, sem svo lengi brann glatt - glóðir minninganna. Petta er eldurinn, sem þeir orna sér við, sem hafa lokið lífsverkinu en bera þó til nýrra kynslóða sögubrunninn og viskuna. Petta er líka eldur hinnar ósérlífnu hjartahlyju, sem birtist í umönnun fyrir fjölskyldu og samfélagi.


Að lokum er eldurinn falinn og bíður þess að verða kveiktur á nýjanleik. Öll eiga frumöflin sér slíkar líkingar.

Einnig má líkja árinu við litrófið. Hvít er litur Kyndilmessunnar og snemmvorsins. Það var hinn forni litur gyðunnar, sem meyju og litur fermingarbarna og brúða enn í dag. Í þessum hvíta lit kvíknar bjarmi með ljósinu og vorbirtunni, verður gult með páskaliljunum og smám saman rautt þegar eldurinn birtist í blómum og berjum sumarsins. Rautt er litur Gyðunnar í þroskuðum vexti sínum, sem fulltíða kona. Rautt er litur gleðikonunnar. Með haustinu þegar blaðgrænan hverfur en rauð eplin hanga enn á trjánum verður rauði liturinn fjólblárrí og hverfur síðan inn í blásyrtu en svart var þriðji litur Gyðunnar enda ganga flestar kerlingar í svörtu og kunna því vel. Um miðjan vetur hafði Gyðjan engan lit ekki fremur en sést á andlit mánans er hann hefur slokknað. Parna ætti græni liturinn heima í stafrófi jarðlítanna en býr einvörðungu í fræi sínu.

Þegar nornirnar eða við kellingarnar á götunni viljum halda gleðilegar árstíðirnar átta leitum við gjarnar í slíkar líkingar. Hin skelfilegu blót, hinir æstu og yfirkeyrðu leikir Dionnesusar, sem hvort tveggja kom blóðinu á

hreyfingu svo ekki varð alltaf hafður þar hemill á - hvort tveggja hefur vikið fyrir saklausari gleðistundum þar sem konungur eikarinnar er í mesta lagi hulinn dúk í cellum nornanna, sem tákni um fall hans, og hann bíður þess að verða endurreistur í líki tvívara síns. Í dag eru háríðahöldin fremur í ætt við leikræna tjáningu þar sem hver einstaklingur leggur sitt af mörkum til að skilgreina á nýjan leik hið sanna intak og rétta hrynjandi hverrar árstíðar svo endurheimta megi hinn sanna. hvítal galður þeirra.

Hildur Helgona Þórssen



## Frá farskólanefnd 1994

Nefndina skipa: Hrefna Róbertsdóttir Árbæjarsafni, Halldóra Ásgeirsdóttir Þjóðminjasafni, Gunnlaugur Haraldsson Byggðasafninu í Görðum, Þóra Guðmundsdóttir arkitekt á Seyðisfirði og Guðrún Kristinsdóttir Safnastofnun Austurlands.

Ákveðið er að halda farskólann að þessu sinni á Seyðisfirði dagana 8. - 11. sept. 94. Skólinn verður settur um kvöldmatarleytið fimmtudaginn 8. sept. 1994.

Föstudaginn 9. sept. verður fjallað um tölvuskráningu minjasafna. Fyrirlesarar verða fengnir úr röðum safnamanna til að greina frá tölvuskráningu á ljósmyndum, Outline-flókkunarkerfinu í framkvæmd, hjartinnslu o.fl. Þá hefur verið rætt um að fá "utanaðkomandi" tölvufróðan mann til að fjalla um tölvuskráningu og hefur Gunnar Svavarsson verkfræðingur verið nefndur í því sambandi. Seinni partinn verður farið í skoðunarferð til Sjóminjasafns Austurlands, og áfram til Norðfjarðar, þar sem litlög verður í Skjala- og myndasafnið og Náttúrugripasafnið. Hið nýsameinaða sveitarfélag (Neskaupsstaður og Norðfjarðarsveit) býður í kvöldmat.

Laugardaginn 10. sept. verður rætt um stefnu í söfnunarmálum. Á farskólanum í fyrra voru flutt erindi um það efni og sett nefnd til að fjalla um málið áfram. Fyrirlesarar verða safnamenn, og eftir erindin verður efnt til umræðna. Kvöldverður verður í boði Seyðisfjarðarbæjar og kvöldvaka að honum loknum.

Sunnudaginn 11. sept. verður haldinn framhaldsaðalfundur Félags íslenskra safnmanna. Eftir það verður farið í skoðunarferð um Fljótsdalshérað. Skoðuð nýbygging Minjasafns Austurlands, heimsótt minjagripaverslunin á Miðhúsum, ekið í Hallormsstað og skógurinn skoðaður með leiðsögn, skoðuð lista- og fræðimannsþúðin á Skriðuklaustri o.fl. eftir því sem ástæður leyfa. Málsverður í boði Egilsstaðabæjar.

Aðalaðsetur á Seyðisfirði verður farfuglaheimilið Hafaldan sem Þóra Guðmundsdóttir stýrir. Verð á gistingu og fræði verður auglýst síðar, en verður að sjálfssögðu reynt að stilla því í höf. Miðað er við að fólk geti komið með síðdegisflugi á fimmtudeginum og nái kvöldflugi frá Egilsstöðum á sunnudeginum. Verð á apex-fargjaldi Reykjavík-Egilsstaðir-Reykjavík er 8.550. Skv. upplýsingum Flugleiða má reikna með mjög sambærilegu verði á tilboði fyrir farskólann.

G.K.

## **Frá ICOM**

Stjórn Íslandsdeilda ICOM vill koma því á framfæri að út er kominn bæklingur sem hefur að geyma siðareglur ICOM sem samþykktar voru á fimmtíðu allsherjarráðstefnu samtakanna í Buenos Aires árið 1986. Í reglunum er m.a. fjallað um grundvallarreglur í safnastjórnun, aðföng og förgun safngripa, ábyrgð safnamanna og fleira gagnlegt.

Hafi menn áhuga á að verða sér út um eintak má hafa samband við Rakel Pétursdóttur eða Körlu Kristjánsdóttur hjá Listasafni Íslands. S. 91-621000.

## **Fundarboð**

Aðalfundur verður haldinn í Félagi íslenskra safnmannna 10. maí kl. 17.00 í Kaffistofu Þjóðminjasafns Íslands.

Fundarefnir :

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Nefndir greina frá störfum sínum.
3. Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Lilja Árnadóttir ræða um norrænt safnasamstarf.
4. Önnur mál.

**Mætum vel og stundvíslega.**